



Fundargerð

Skólanefnd

FVA - Toppurinn

Dagsetning: 14.5.2024

Fundartími: 16:00

Fundarstjóri: Steinunn Inga Óttarsdóttir

Fundarritari: Dröfn Viðarsdóttir

Mættir: Steinunn Inga Óttarsdóttir skólameistari, Dröfn Viðarsdóttir aðstoðarskólameistari, Guðrún Lind Gísladóttir fjármálastóri, Trausti Gylfason fulltrúi kennara, Ragnheiður Helgadóttir, Þórdís Eva Rúnarsdóttir, Sædís Þórhallsdóttir, Liv Áse Skarstad, Jóhanna M. Þorvaldsdóttir (Teams)

Dagskrá (fundarefni)

1. Ársskýrsla og ársreikningur FVA 2023
2. Tillögur að breytingum á gjaldskrá skólans, m.a. hækkun nemendafélagsgjalds og verð fyrir mat í mötuneyti
3. Stefnumótun og breytingar á skólanámskrá
4. Stofnun ársins
5. Önnur mál

Steinunn Inga (SIÓ) setti fundinn sem hófst samkvæmt dagskrá.

Ársskýrsla og ársreikningar

Guðrún Lind Gísladóttir (GLG) fór yfir ársreikning síðasta árs. Hún sagði m.a. aðrar rekstrartekjur hefðu dregist saman milli ára munar þar mestu um að árið 2022 leigði Akraneskaupstaður af okkur stofur undir 10. bekk í Grundaskóli, á árinu bárust þó styrkir sem flokkast sem sértekjur m.a. vegna farsældarlaga, covid, heilsueflingar og Víku 6. Dagvinnulaun hækkaði um 50 milljónir sem skýrist m.a. vegna fjölgun starfsmanna, t.d. fóru skólasálfræðingur og ræsting úr verktöku yfir í laun. Aukning á yfirvinnu er ekki fjölgun tíma heldur hækkunar á grunnlaunum. GLG upplýsti að ársreikningurinn sé innan áætlunar og innan fjárlaga.

GLG fór yfir hækkun á kennsluefni um tæplega 3 milljónir. Tölvu- og kerfisþjónusta hækkaði um 1.5 milljónir, sá liður er m.a. almenn tölvuþjónusta og notkun að á ýmsum forritum eins og Innu, GoPro, Oracle, CCQ ofl.

Hækkun á annarri sérfræðiþjónustu er meðal annars vegna aukins fjölda nemenda á íþróttaaufrekssviði auk kennslu í rafíþróttum. Í þessum lið er líka hönnun og prentun á kynningarefni.

Hækkun húsaleigu er vísitöluhækkun milli ára. Hækkun á rafmagni og hita er hækkun á gjaldskrá.

Rekstrarafgangur var 25,7 milljónir, varasjóður skólans er kominn í 164 milljónir.



Fjölbrotaskóli Vesturlands
á Akranesi

Í upphafi þessa árs tók í gildi nýr stofnanasamningur sem verðmetinn er á rúmlega 22 milljónir á árinu 2024. Stofnanasamningar verða að rýmast innan framlags til skólans á fjárlögum, en aðrar launahækkanir vegna kjarasamningshækkunar launa eru bætтар miðlægt af MRN.

Umræða um fjölda nemendaígilda og þá m.a. hvort meistarakóli og dreifám í rafvikjun rúmist innan þeirra nemendaígilda sem við höfum. SIÓ upplýsi fundarmenn um fjölda nemendaígilda og að þetta nám rúmaðist þar innan.

Spurt var um greiðslur fyrir erlenda nemendur. Fram kom að við fáum sértakt framlag vegna ÍSAN áfanga (íslenska fyrir útlendinga) en ekkert annað framlag.

Tillögur að breytingum á gjaldskrá skólans, m.a. hækkun nemendafélagsgjalds og verð fyrir mat í mötuneyti

GLG kynnti tillögur að breytingum á gjaldskrá skólans. Tillögurnar eru eftirfarandi: hækkun á nemendafélagsgjöldum í 5.500 og hækkun máltíða í mötuneytinu um 50 kr. hver máltíð.

Spurt var um kostnað nemenda á heimavist, SIÓ upplýsti fundarmenn að dreifbýlisstyrkur sem nemendur á heimsvist fá, dekkar leigu á heimavist og mat í mötuneytinu. Tillögurnar voru samþykktar.

Stefnumótun og breytingar á skólanámskrá

SIÓ sagði frá stefnumótavinnunni sem unnin hefur verið í FVA á þessu skólaári. Hún fór yfir þá þætti sem eru sérstaklega er lögð áhersla á núna þ.e. virkni nemenda, námskraftur, jákvætt og hvetjandi námsumhverfi. SIÓ sagði frá hvernig vinnan hefur gengið á þessu skólaári og hvernig vinnan verður á næsta skólaári. Við höldum áfram með sama viðfengsefni á næstu önn en bætum við tæknimálum og endurmenntun um áramótin.

SIÓ fór yfir tillögur að breytingum á skólanámskrá, tillögurnar eru eftirfarandi:

Í kaflanum um námsmat eru bætt inn að námsþáttur þarf að veða a.m.k. 40% af lokaeinkunn til að fall í honum valdi falli í áfanga.

Í kaflanum um námsmat er bætt inn, til að óska eftir að vísa umdeilanlegri einkunn til skólameistara þarf nemandi að mæta í námsmatsviðtalið þegar það er auglýst og vísa málinu með rökstuðningi til skólameistara. Greiða skal fyrir slíkt mat samkvæmt gjaldskrá skólans.

Í kaflanum um aukapróf er bætt inn setningum um að greinakennari verður til staðar fyrir nemendur í aukaprófi eftir því sem við verður komið.

Bætt er inn kafla, skólavist með skilyrðum. Skólameistara er heimild að fela náms- og starfsráðgjafa eða áfangastjóra að gera samkomulag við umsækjanda/nemanda í skólanum um skólavist með skilyrðum.

Í heimavistareglum var bætt við að hámarks aldur nemenda á heimavist sé 20 ár. Og að



Fjölbrotaskóli Vesturlands
á Akranesi

vistastjóri hafi heimild til inngöngu í herbergi á lokunarhelgum sem og bann við veru á heimavit á lokunarhelgum.

Kaflinn um stefnu skólans, framtíðarsýn og markmið er aðlagað að þeirri stefnumótunnarvinnu sem verið er að vinna í FVA.

Kaflanum um skólareglur verður breytt m.t.t. leiðarvísis um viðbrögð framhaldsskóla við EKKO málum nemenda.

Í kaflanum um ferilbók er bætt við að nemandi þarf að hafa lokið bæði námi í skóla og starfsþjálfun skv. ferilbók til að útskrifast af iðnbraut.

Nýrri námsbraut, iðnmeistarabreytt er bætt inn í skólanámskránna.

Í kaflanaum um dreifnám er bætt inn að almennt er miðaða við að kennara svari fyrirspurnum nemenda áður en einn virkur dagur hefur liðið frá því að fyrirspurn berst kennara.

Allar breytingar samþykktar

Stofnun ársins

SÍÓ fór yfir niðurstöður stofnunnar ársins fyrir árið 2023. FVA fékk þar einkunnina 4,28 stefnt á 4,3 á næsta ári. SÍÓ sýndi fundarmönnum sundurliðun á niðurstöðunni.

Önnur mál

SÍÓ sagði frá því sem er fram undan er í skólastarfinu á næstu vikum.

Fundi slitið kl. 17:05